

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020
í landi Upsa og Ytra-Holts.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 21. desember 2011 breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020, sem samþykkt var í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 22. nóvember 2011. Niðurstaða sveitarstjórnar var birt 16. desember 2011.

Í breytingunni felst að í landi Upsa er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir núverandi vatnsveitumannvirki (504-I) auk þess sem svæði fyrir fristundabyggð stækkar lítilsháttar. Í landi Ytra-Holts er athafnasvæði (515-A) breytt í landbúnaðarsvæði með sérákvæðum (515-L) og tjaldsvæði á opnu svæði til sérstakra nota fellur út.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 21. desember 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2012